

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit.

1. gr.

Í stað orðsins „Mannvirkjastofnun“ í 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur í viðeigandi beygingarmynd: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

2. gr.

Í stað orðanna „Menntun fyrir atvinnuslökkviliðsmenn“ í a-lið 5. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar kemur: Menntun fyrir slökkviliðsmenn skv. reglugerð nr. 792/2001, um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 39. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. nóvember 2021.

Ásmundur Einar Daðason.

Gissur Pétursson.